



Reykjanesbæ 14. desember 2020

Minnisblað

Reykjanesbær hefur ákveðið að taka upp annað kerfi við útgreiðslu á hvatagreiðslum sveitarfélagsins. Þær verða hækkaðar í 40.000 kr. á nýju ári. Hvatagreiðslunum verður úthlutað „rafrænt“ í gegnum Nóra skráningarkerfið.

Í stuttu máli þá er helsta breytingin sú að greiðslan verður greidd mánaðarlega út til íþróttatómstunda félaganna í stað þess að greiðslan fari til foreldra líkt og núverandi kerfi segir til um...

Þegar að foreldri skráir barn til þátttöku íþrótt eða tómstund þá þarf að tengjast Nóra kerfinu. Ef að æfingagjald er t.d. 80.000 kr. fær foreldrið möguleika á að velja að nýta hvatagreiðslur og getur ráðstafað sjálft greiðslunni – ef að foreldrið ákveður að nýta allan styrkinn þá lækkar í þessu dæmi talan sem eftirstöðvar er um 40.000 kr. þá fær foreldrið möguleika á að greiða eftirstöðvar með eingreiðslu eða setja í greiðsludreifingu.

Reykjanesbær mun hætta að taka við exel skjölum um hvatagreiðslur eins og verið hefur undanfarin ár.

Upplýsingar um styrkhæf námskeið munu birtast inn á mittreykjanes.is

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Hafþór Barði Birgisson

íþróttatómstundafulltrúi.

Sími 898 – 1394



REYKJANESBÆR
Íþróttatómstundafulltrúi

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is